

Sunddeild Ungmennafélags Selfoss

Stjórnarfundur í Tíbrá á Selfossi þann 13. febrúar 2008.

Mættir voru:

Sigrún Sunna Skúladóttir
Árni Laugdal

Sigurbjörg Björnsdóttir
Björgvin Bjarnason

Fundur settur klukkan 18:05

Byrjað á fundi með Bryndísi um starfið þessa dagana. Vantar aðeins uppá að tillögur þjálfara að mótum og atburðum séu samþykktir af stjórninni. Við viðurkennum að þetta var nokkuð óljóst og hefði mátt standa betur að því.

Stefnt á æfingabúðir 9-12 maí í Vestmannaeyjum. 10 ára og eldri.

Samþykkt að senda þátttakendur á AMI fyrir þá iðkendur sem ná því lágmarki.

Bryndís hverfur af fundi.

Aðalfundur verður ekki fyrr en í aðra viku í mars þar sem endurskoðandinn hefur ekki lokið starfi sínu. Ákveðið er að halda aðalfund 13. mars klukkan 20:00 í Tíbrá.

Reikna má með stærri hring í götusópinu í sumar. Sér stjórnin ekki fyrirstöðu í því miðað við aukningu í deildinni. Vera má að tvær fjölskyldur þurfi að taka að sér verkefnið um hverja helgi.

Samþykkt að kaupa headset fyrir þjálfara til nota í innilauginni. Björgvin tekur þetta að sér.

Auglýsa þarf eftir starfmanni í sundskólann í júníbyrjun. Leggjum til að auglýsa á Laugarvatni og spyrja nokkur nöfn sem stjórninni datt í hug. Formaður tekur þetta að sér.

Stjórnin samþykkir að heimila Frískum flóamönnum að setja viðurkenningarskjal sitt sem skokkhópur ársins 2007 í bikaraskáp deildarinnar í Sundhöll Selfoss.

Næsti fundur ákveðinn 6. mars klukkan 18:00 í Tíbrá.

Fundi slitið klukkan 18:50

Árni Laugdal